



Er raunhæft að skipasmíði aukist hérlendis?

Vöxtur tæknifyrirtækja í sjávarklasanum hefur verið umtalsverður á síðustu árum eða 10-13% á ári. Athygli vekur að mikill vöxtur er í útflutningi á ýmsum tækjum og búnaði fyrir skip og vísbendingar eru um að tæknifyrirtæki á þessu sviði séu að eflast. Nú standa fyrir dyrum endurbætur á skipum íslenskra útgerða sem nema 1-2 milljörðum á ári næstu ár. Ákvarðanir íslenskra útgerðarfyrirtækja um val á tæknifyrirtækjum til að sinna þessum endurbótum ráða miklu um þróunina hérlendis. Takist samvinna milli íslenskra tæknifyrirtækja og útgerða í þessum efnum kunna íslenskar skipasmíðar að eflast til muna á komandi árum.


A síðustu árum árum hefur verið umtalsverður vöxtur í veltu tæknifyrirtækja sem bjóða tæknilausnir fyrir skip. Hér er um að ræða búnað sem m.a. bætir orkunýtingu skipa, fiskvinnslutækni, ýmsar hugbúnaðarlausnir o.fl. Fyrirtækin hafa mörg hver stækkað og styrkt stöðu sína á alþjóðamarkaði. Má nefna fyrirtæki eins og NaustMarine sem hannar og selur rafvindur, skipahönnunarfyrirtæki á borð við Navis, Skipatækni og Skipasýn, 3X Technology og ýmis önnur tæknifyrirtæki sem bjóða fiskvinnslulausnir í skip og svona mætti lengi telja. Auk þess hefur íslensk bátasmíði færst í vöxt og fyrirtæki á borð við Trefjar og Seiglu selja íslenska báta undir 15 metrum að lengd á alþjóðamarkaði. Það sem einkennir mörg þessara tæknifyrirtækja er að þau hafa aukið markaðssókn erlendis og starfsmönnum hefur fjölgað nokkuð.

Þegar skoðuð er velta þessara fyrirtækja kemur í ljós að bæði árin 2010 og 2011 varð umtalsverður vöxtur en örlítið hægði á honum árið 2012. Útflutningur á tækjum og búnaði í skip var um 1,8 milljarðar kr. árið 2010, ætla má að veltan hafi numið 2,5-2,6 milljörðum kr. árið 2011 en það er rösklega 40% aukning milli ára. Árið 2012 varð veltuaukningin lítil en svo virðist sem árið 2013 ætli að verða metár hjá fyrirtækjunum og ræður þar mestu um útflutning vinnslutækni og endurnýjun búnaðar fyrir erlend skip hjá Slippnum á Akureyri. Þá hefur velta innanlands aukist nokkuð og þá sérstaklega varðandi vinnslulínur um borð í skipum.

Nú standa fyrir dyrum umtalsverðar fjárfestingar íslenskra útgerðarfyrirtækja í skipum. Í mörgum þeirra skipa, sem útgerðir hafa tilkynnt um kaup á, er gert ráð fyrir gagngerum endurbótum og tæknivæðingu. Flest stærri skipanna þurfa á endurbótum að halda sem skipta hundruðum milljóna og því er mikið í húfi fyrir íslenska tæknigeirann að krækja í þessi verkefni. Ætla má að velta í þessum endurbótum nemi að minnsta kosti 1-2 milljörðum á ári næstu ár.

Því miður hafa stærstu skipakaup Íslendinga á síðustu árum verið án aðkomu íslenskra tæknifyrirtækja. Það átti m.a. við um varðskipið Þór. En það eru engar haldbærar skýringar á því hvers vegna íslenski tæknigeirinn ætti ekki að verða fyrir valinu: íslensku fyrirtækin bjóða samkeppnishæfar, grænar lausnir sem hafa reynst vel um allan heim, þau bjóða lausnir sem viðhalda og nýta betur afurðir um borð og svona mætti áfram telja. Flestar þjóðir bjóða einhvers konar hlunnindi til útgerða sem velja að nýta sér þarlend fyrirtæki við endurbætur eða

Meðalaldur íslenskra fiskiskipa (allar gerðir)



Meðalaldur íslenskra fiskiskipaflotans hefur aukist talsvert á undanförunum árum og stendur nú í um 24 árum. Þegar fjárfestingar hefjast nú í nýjum skipum skapar það tækifæri fyrir íslenskan tækniðnað sem á að nýta.

nýsmíði. Þannig er norskum útgerðarfyrirtækjum til að mynda boðin löng og hagstæð lán við skipakaup skipti þau við innlend fyrirtæki. Í þessum efnum verður ávallt erfitt fyrir Íslendinga að keppa við stærri þjóðir.

Það er mikið í húfi fyrir Íslendinga að byggja upp skipasmíðaiðnað héraendis. Þar myndum við ugglaut fara svipaða leið og Norðmenn sem flytja inn skipsskrokka frá löndum sem eru mun samkeppnishæfari í málmsmíði en hlaða síðan skipin norskum tæknibúnaði. Ef við náum að festa okkur í sessi sem öflug þjóð á þessu sviði kunna að skapast fleiri tækifæri til að sinna mun fleiri skipum sem sigla við Ísland og byggja upp þjónustu við skip í olíu- og gasiðnaðinum.

Til þess að byggja upp íslenskan skipasmíðaiðnað þarf eftirfarandi að koma til:

- » Íslensk útgerðarfyrirtæki verða að gefa íslenskum tæknifyrirtækjum færi á að þjóða þeirra lausnir. Slíkt eflir allan sjávarklasann og eykur auk þess skilning á mikilvægi sjávarútvegs sem undirstöðugreinar sjávarklasans.
- » Íslensk tæknifyrirtæki verða að auka samstarf til að geta boðið heildstæðar lausnir. Að því er einmitt unnið nú í samstarfi átta fyrirtækja innan sjávarklasans.
- » Skoða þarf uppbyggingu á nútímalegri skipasmíðastöð sem stenst samanburð við minni stöðvar í Evrópu.
- » Ríkisvaldið þarf að tryggja að íslensk tæknifyrirtæki sitji sem mest við sama borð og tæknifyrirtæki frá öðrum löndum í sambandi við skatta og gjöld og aðrar ívilnanir í skipasmíði.

Nú þegar væntingar eru um aukinn stöðugleika í umhverfi sjávarútvegsins og fjárfestingar aukast er mikilvægt að tækifærið sé nýtt til að efla íslenska tæknigeirann. Uppbygging hans getur skapað mikil verðmæti til framtíðar og aukið skilning á mikilvægi sjávarklasans í íslensku efnahagslífi.

Nánari upplýsingar veitir Þór Sigfússon, hjá Íslenska sjávarklasnum (thor@sjavarklasinn.is - s. 577 6200) og Haukur Már Gestsson (haukur@sjavarklasinn.is - s. 867 8786).